

**Nr. 17-157 S 118 Örfirisey RE 4****Vélarvana og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 2170  
Útgerð: HB Grandi hf  
Smíðaður: Noregi 1988, stál  
Stærð: 940,2 brl. 1845 bt.  
Mesta lengd: 65,47 m Skráð lengd: 57,67 m  
Breidd: 12,8 m Dýpt: 8 m  
Vél: Wichmann 3000 kW 1988  
Fjöldi skipverja: 27



Örfirisey©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 28. september 2018 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*


**Atvikalýsing:**

Þann 27. október 2017 var frystitogarinn Örfirisey RE 4 á togveiðum í Barentshafi. Veður: A 15-20 m/s.

Á veiðunum kom upp bilun í skrúfubúnaði og skipið varð vélarvana. Olúskipið Norsel dró Örfirisey til hafnar í Båtsfjord í norður Noregi. Eftir skoðun í Båtsfjord var skipið dregið til Harstad af dráttarbátnum Polar Tug og fór það þar í þurrkví.

**Við rannsókn kom fram:**

- að 26. október kl. 10:05 þegar skipið var á siglingu féll snúningur aðalvélar vegna álags og mikið högg fannst um skipið. Stjórnun aðalvélar var þá tekin niður í vél og minnkaður snúningur niður í 440 sn/mín, skrúfunni slegið út og keyrð upp aftur. Eftir það virtist allt eðlilegt;
- að næsta dag kl. 01:30 drapst á aðalvélinni vegna yfirálags og fylgdi því mikið högg;
- að við skoðun kom í ljós að skiptir og skiptiteinn fyrir skrúfubúnað unnu



Myndin sýnir brotinn skiptiteinn

- eðlilega og að bilunin væri í skrófuhaus;
- að hæðarhylki fyrir innra þétti skrófuöxuls hafði tæmst af olíu. Þegar bætt var á það olíu tæmdist það aftur;
  - að við bryggju var kafað við skrófuna og þegar skiptiteinninn var færður til voru skrófublöðin aðeins í áfram stöðu en gengu ekki til baka;
  - að skiptiteinninn var í sundur (brotinn) í skrófuhaus fyrir framan greiðuna sem breytti stigningu skrófublaðanna;
  - að skrófublöðin voru vigtuð og reyndist 13 kg munur á milli þyngsta og léttasta blaðsins. Auk þess var stigning á einu skrófublaði 15% út úr stigningu en flokkunarfélagið leyfði skekkju upp að 3%;
  - að smíðaður var nýr skiptiteinn og skrófublöðin lagfærð;
  - að viðgerðin á skrófubúnaði skipsins tók tíu vikur.

***Nefndarálit:***

Orsök bilunarinnar var sú að skiptiteinn brotnaði.